

5. júní 2018/KE,ÐK

Nefndir, stjórnir og ráð fyrir fund háskólaráðs 7.6. 2018.

Mál til fróðleiks. Liður 10.j Sjálfbærni- og umhverfisnefnd

Rektor skipaði sjálfbærni- og umhverfisnefnd Háskóla Íslands árið 2012 og var upphaflega gert ráð fyrir tveggja ára starfi með möguleika á framlengingu. Starfstími nefndarinnar var síðast framlengdur til 30. júní 2017.* Sjálfbærni- og umhverfisstefnu Háskóla Íslands má nálgast á vefslóðinni: http://www.hi.is/adalvefur/sjalbbaerni_og_umhverfisstefna

Fyrir liggur að mikilvægt er að starfrækja slíka nefnd innan háskólans og því hefur rektor ákveðið að skipa sjálfbærni- og umhverfisnefnd til þriggja ára, þ.e. til 30. júní 2021. Málaflokkurinn hefur verið „hýstur“ hjá framkvæmda- og tæknisviði. Eðlilegt er að ákveðið samráð sé haft um þessi mál og er nefnd sem samanstendur af fulltrúum allra fræðasviða og miðlægrar stjórnarsýslu góð leið fyrir það.

Verið er að ganga frá skipun í nefndina og að svo stöddu skipa eftirtalin nefndina:

Menntavísindasvið: Auður Pálsdóttir, prófessor
Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Jukka Heinonen, prófessor
Félagsvísindasvið: Lára Jóhannsdóttir, dósent
Framkvæmda- og tæknisvið: Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri
Heilbrigðisvísindasvið: Heba Soffía Björnsdóttir, deildarstjóri
Hugvísindasvið: Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor
SHÍ: NN. Tilnefna í júní

Eins og kunnugt er þá eru kröfur sífellt að aukast um hvernig bregðast skuli við neikvæðum umhverfisáhrifum vegna starfsemi fyrirtækja og stofnana. Í nóvember 2015 undirritaði rektor Háskóla Íslands ásamt 103 forstjórum annarra fyrirtækja og stofnana á Íslandi undir sameiginlega yfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum. Um þessar mundir er m.a. verið að innleiða Græn skref í ríkisrekstri (undanfari ISO14001) í HÍ, með samþykki rektors, en hugmyndin kviknaði á sínum tíma hjá þáverandi sjálfbærni- og umhverfisnefnd. Þá er þess að geta að í stefnu HÍ til 2021 er á nokkrum stöðum fjallað um þennan málaflokk. Þannig kemur fram í kaflanum *Áherslur* í HÍ21 að „Háskóli Íslands leggur áherslu á að þekkingarsköpun við skólann hafi sem víðtækust áhrif og að Háskólinn sé ábyrgur þátttakandi í samfélagi sem stuðlar að jafnrétti, fjölbreytni og sjálfbærni. Miklu varðar að rannsóknir og nám takist á við þær flóknu áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir og að Háskólinn sé virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og menningarlífi. Í kaflanum um *Mannauð* eru sett fram eftirfarandi markmið og aðgerð: „Hvetjandi, umhverfisvænt og skemmtilegt starfsumhverfi sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan starfsmanna og stúdenta. Tekið upp umhverfisstjórnunarkerfi í anda ISO 14001 til að stuðla að sjálfbærni háskólasamfélagsins.“

*Fyrri sjálfbærni- og umhverfisnefnd:

- Ólafur Páll Jónsson dósent, Menntavísindasviði, formaður,
- Maximilian Conrad lektor, tilnefndur af Félagsvísindasviði
Varamaður: Lára Jóhannsdóttir, lektor í umhverfis- og auðlindafræði
- Katrín Björg Jónasdóttir, upplýsinga- og vefstjóri, Heilbrigðisvísindasviði [í fæðingarorlofi]
Varamaður: Ingunn Eyþórsdóttir, upplýsingastjóri Heilbrigðisvísindasviðs
- Rannveig Ólafsdóttir prófessor, Verkfræði- og náttúruvísindasviði,
- Sigurlaug I. Lövdahl skrifstofustjóri, framkvæmda- og tæknisviði Háskóla Íslands,
- Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor, Hugvísindasviði,
- Sunna Mjöll Sverrisdóttir, meistaranemi í umhverfis- og byggingarverkfræði, fulltrúi stúdenta.